

Samþykkt fyrir öldungaráð Akureyrarkaupstaðar

Stofnun og tilgangur

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar telur mikilvægt að íbúar bæjarins hafi sem mest áhrif á ákvarðanir sem snerta líf þeirra og afkomu. Í því skyni að gefa eldri borgurum bæjarins tækifæri til að láta rödd sína heyrast er stofnað til öldungaráðs. Með því er jafnframt komið til móts við tilmæli frá Félagi eldri borgara á Akureyri sem samþykkt voru á aðalfundi félagsins 24. mars 2014.

Umboð

1. gr.

Öldungaráð Akureyrarkaupstaðar starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Öldungaráðið skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Akureyrarkaupstaðar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa sem eru 60 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Akureyrarkaupstaðar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til bæjarráðs sem varðar verksvið þess.

Hlutverk

3. gr.

Öldungaráðið er vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru 60 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda og er virkur þáttakandi í allri stefnumörkun málaufloksins. Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Akureyrarkaupstaðar í málaufloknum og stuðlar, í samstarfi við félagsmiðstöðvarnar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu bæjarstofnana til bæjarbúa sem eru 60 ára og eldri.

Nefndir og ráð bæjarins skulu senda öldungaráði til umsagnar málefni, sem varða stefnumótun og þjónustu við eldri borgara og vera í samráði um hagsmuni þessa aldurshóps.

Skipan

4. gr.

Öldungaráðið er skipað 5 fulltrúum og tveimur til vara, þ.e. bæjarstjórn kýs 2 fulltrúa og einn til vara og Félag eldri borgara tilnefnir 3 fulltrúa og einn til vara.

Báðir aðilar skulu gæta kynjajafnréttis við skipan í ráðið.

Bæjarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráðið kýs varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

Öldungaráðið getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málauflokkka. Ákvörðun um skipan undirrefndar skal tilkynna bæjarráði.

Verkstjórn og verkaskipting

5. gr.

Formaður öldungaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Öldungaráðið er vistað hjá samfélags- og mannréttindadeild Akureyrarbæjar.

Framkvæmdastjóri deildarinnar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins, rekstri og stjórnsýslu.

Boðun funda og fundarsköp.

6. gr.

Öldungaráðið skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi að sumarlagi.

Formaður öldungaráðsins boðar til funda, ákveður dagskrá, í samráði við framkvæmdastjóra samfélags- og mannréttindadeilda, og stýrir hann fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin fyrir mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, sé þess óskað.

Fundarsköp fara eftir samþykktum um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar og reglum bæjarins um fundarritun, eftir því sem við á.

Framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindadeilda skal sitja fundi öldungaráðsins með málfreli og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað einstaka starfsmenn Akureyrarkaupstaðar til fundar sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundarskipulag og ritun fundargerða

7. gr.

Fundir ráðsins skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Öldungaráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til bæjarráðs eftir hvern fund.. Um ritun fundargerða fer eftir reglum Akureyrarbæjar. Skrifstofa samfélags- og mannréttindadeilda sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

Málsmeðferð

8. gr.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vílast í Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar.

9. gr.

Samþykkt þessa skal endurskoða eigi síðar en í árslok 2017.

Samþykkt í bæjarráði með fullnaðarafgreiðsluheimild, 9. júlí 2015.